



Fréttabréf 1. tbl. apríl 2011 Ábyrgðarmaður: Kristín Hrönn Þráinsdóttir

Í haust eru liðin 30 ár frá formlegri stofnun CISV samtakanna á Íslandi og verður afmælisins minnst með ýmsum hætti þegar líður á árið. CISV Ísland fékk það spennandi verkefni að halda unglingabúðir hér á landi í sumar og er undirbúningur þegar hafin. Margar hendur vinna létt verk og öll aðstoð við undirbúning og framkvæmd búðanna er vel þegin s.s. matargjafir.

Flestir hóparnir sem fara í sumarabúðir næsta sumar eru byrjaðir að undirbúa sig af kappi fyrir ferðina og tilhlökkunin stigmagnast! Forseti Íslands er verndari samtakanna og býður hann öllum sem fara í sumarabúðir á árinu í heimsókn á Bessastaði. Það er mikil upplifun fyrir krakkana að fá að koma á Bessastaði en forsetinn hefur yfirleitt boðið heim snemma sumars. Tekin er mynd af hverjum hópi ásamt forsetanum sem tilvalið er að setja í kynningarbæklinginn. Dagsetning auglýst síðar.

CISVshop verður starfrækt með svipuðu sniði og síðastliðið sumar. Ýmsar vörur merktar CISV Iceland verða í boði sem krakkarnir geta notað sem skiptidót og til að auðkenna sig á ferðalögum s.s. bolir. Stefnt er að því að auka vöruúrvalið enn frekar og verða upplýsingar settar inn á heimasíðuna með hækkandi sól.



Laust í sumarabúðir sumarið 2011

Indland, Mumbai – 15. júní – 12. júlí – laust fyrir strák
Brasilía, Sao Paulo – 27. des – 23. jan – laust fyrir strák
Unglingabúðir:

Ísland, Hella – 1. júlí – 23. júlí – laust fyrir 14 ára strák
Mexikó, Querétaro – 8. júlí – 30. júlí – laust fyrir 15 ára stráka

Seminarabúðir, 17 – 18 ára:

Noregur, 30. júní – 20. júlí

Filippseyjar, 5. júlí – 25. Júlí

Einnig er laust fyrir fararstjóra bæði á Íslandi og erlendis. Allar nánari upplýsingar gefur Ásta í síma 861 1122 eða asta@cisv.is

Stjórn CISV uppfærir upplýsingar um laus pláss reglulega á heimasíðunni og auglýsir á Facebook. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu félagsins.

Unglingadeildin SÚFÍ

SÚFÍ er fyrir krakka á aldrinum 11-25 ára sem hafa farið í búðir á vegum CISV, núna eru um 70 krakkar virkir. SÚFÍ heldur af og til „mini-camp“ fyrir börn og unglinga og stundum er í boði að bjóða gestum með sér. Helgina 4. – 6. febrúar var haldið „mini-camp“ fyrir 9-13 ára krakka í skátaheimili Kópa, það tókst mjög vel og mættu 56 krakkar. Á heimasíðu CISV er hægt að skoða myndir úr búðunum og myndband, smellið á SÚFÍ. Fyrirhugað er að halda „mini-camp“ fyrir 14 ára og eldri helgina 27. – 29. maí. Fylgist endilega með á heimasíðunni.

Útvarpsþáttur á Rás 2 á Skírdag um CISV

„Úti eru ævintýrin“ Margrét Erla Maack fjallar um sumarabúðardvöl íslenskra barna á vegum CISV á Rás 2. Þátturinn hefst kl. 12:40 á skírdag en einnig er hægt er að hlusta á þáttinn á netinu.



Kynntist magadansi í CISV-búðum

Margrét Erla Maack, fjölmiðlakona, uppistandari og magadanskennari var fararstjóri íslenska hópsins í Mexíkó síðastliðið sumar en hún fór sjálf margsinnis í sumarbúðir á vegum CISV sem barn og unglingur. Hún deilir hér með okkur reynslu sinni og gefur góð ráð fyrir sumarið.

Viðtal: Heiðís Lilja Magnúsdóttir. Mynd úr einkasafni.

„Ég kynntist CISV-samtökunum þannig að vinkona mömmu frétti af því að það vantaði stelpu til að fara til Ameríku og benti á mig af því að ég var svo hress og skemmtileg,“ rifjar Margrét Erla upp en hún fór alls fjórum sinnum út í sumarbúðir CISV sem barn og unglingur, auk þess sem hún tók þátt í „seminari“ á vegum CISV í Reykjavík. „Ég fór í svokallaðan „village“



Íslenski hópurinn: Baldur, Aron, Árný og Sara, uppi á Mánapýramídanum í Mexíkó.

til Maryland þegar ég var tólf ára. Þrettán ára fór ég í unglingskipti til Svíþjóðar þar sem ég bjó í næsta húsi við strútabúgarð í birkiskógi í Smálöndum, eins og Emil í Kattholti. Fjórtán ára fór ég á „Youth Meeting“

í Austurbæjarskóla sem var skólinn minn á þeim tíma. Það var massa erfitt að koma daginn eftir „CISV-tárin“ í skólann í sama húsnæði. Sextán ára var ég JC í Noregi þar sem ég borðaði rosa mikið brauð og kom heim eins og brauðönd. Sautján ára fór ég í „seminar“ í Tékklandi, þar sem við hjálpuðum til á geðspítala í nágrenninu á hverjum degi. Svo tók ég smá pásu en fór síðasta sumar sem fararstjóri til Mexíkó. Á skírdag í ár verður einmitt fluttur þáttur eftir mig um Mexíkóferðina á Rás 2. Ég mæli með honum fyrir þá sem eru að fara út og líka þá sem hafa farið út og vilja bara grenja aðeins við útvarpið!

Hvað lærðirðu af þessu öllu saman?

„CISV kennir manni margt. Allt í einu fór ég, tólf ára, að fylgjast með heimsfréttum. Samtökin minnka heiminn fyrir manni. Maður verður meðvitaðri um fordóma í kringum sig. Helsti lærdómurinn er samt að ólíkt fólk geti grínast og unnið saman, þrátt fyrir tungumálaörðugleika. Svo lærir maður að taka tillit til annarra en líka að standa á sínu og láta ekki vaða yfir sig. Þar að auki: Ég kynntist magadansinum í CISV-búðum og núna er ég magadanskennari. Ég hef æft tungumálin sem ég kann, sem hefur komið sér afar vel í fjölmiðlavinnunni minni. Einu sinni var ég með útvarpsþátt um heimspopptónlist sem ég viðaði að mér í gegnum CISV-vinina. Ég hætti að vera feimin og vinn núna fyrir mér í sjónvarpi og sem uppistandari og er í sirkus. Svo fátt eitt sé nefnt. Að standa á eigin fótum og kynnast fólki á sínum eigin forsendum frá tólf ára

Margrét Erla Maack: „Eftir alla þessa CISV-reynslu á ég um það bil 250 vini víðsvegar um heiminn og það er ómetanlegt. Svo er þetta svo ótrúlega gaman!“

aldri sýnir manni hvers maður er megnugur og hvar takmarkanir manns liggja.“

Er eitthvað eftirminnilegra en annað?

„Síðasta sumar í Mexíkó var gjörsamlega frábært í alla staði, þrátt fyrir að ég hafi aldrei verið í búðum þar sem upp komu svona mikil slys og veikindi. Ítalski fararstjórinn veiktist mjög alvarlega í fyrstu vikunni og við vissum ekkert hvað var í gangi. Í annarri viku fór hún í allsherjar rannsókn þar sem sýni var tekið úr hverju einasta líffæri. Ég átta mig ekki enn alveg á því hvað var að. Í miðjum búðunum var hún svo send heim til Ítalíu með sjúkraflugi (alla leið frá Mexíkó!) og við fengum annan fararstjóra í staðinn. Aðeins ein stelpa í ítalska hópnum talaði ensku í upphafi búða og hún var meira og minna frá af því að hún ökklabrotnaði, svo við fararstjórnarnir gerðum okkar besta til að hjálpa þeim hópi, með lágmarks ítölsku-, spænsku- og latínukunnáttu. Fararstjórahelgina kom svo ný fararstjórinn, Pier Francesco, að hitta okkur og við vorum öll búnin að ákveða að skipta um land. Ég

„Þetta er þroskandi lífsreynsla og eins og ferðalag í kringum hnöttinn.“

þóttist vera sænski fararstjórinn og öfugt. Ég kynnti mig, sagðist heita Margrét og vera frá Svíþjóð. Á eftir mér var það svo Rebekka sem sagðist vera frá Íslandi. Ítalski fararstjórinn hoppaði hæð sína og sagði: Ó NEI! Þú vera frá Íslandi! Ég hafa búið þar! OG ÞEGAR ÞÚ KOMST INN Í LÍF MITT BREYTTIST ÉG!“ Þá eyðilagði ég, litli Íslendingurinn allt grín og sagði: VIÐ ERUM AÐ LJÚGA! ÉG ER FRÁ ÍSLANDI!!!! En já, þarna vorum við stödd, í pínulitlu þorpi, á karókíbar með kappakstursbílaþema, að syngja Pál Óskar. Fullkomið rugl.“

Margrét Erla segir það frábæra reynslu að fara út sem fararstjóri og sér hálfpartinn eftir því að hafa ekki farið fyrir. „En svona er þetta. Á meðan maður er ungur og í skóla nýtir maður sumarfríin til vinnu. Það var frábært að „gefa aftur til samtakanna“ á þennan hátt með því að veita fjórum krökkum tækifæri til að fara. Það er líka svo fáránlega gaman að vera fararstjóri... það eru ekki margir tuttugu og sex ára sem geta sagt „svo fór ég til Mexíkó í mánuð „basically“ bara til að leika mér með snillakrökkum“. Því miður get ég ekki farið í sumar en ætla „deffó“ að smella mér í snilld sumarið 2012.“

Hvað var erfiðast?

„Það sem var erfiðast var að vera til staðar fyrir alla þessa krakka. Ég var ekki bara að hugsa um „mín“ börn, heldur líka fjörutíu og fjögur önnur. Þau voru ellefu til tólf ára, mjög ólík innbyrðis, bæði í karakter og þroska. Á sama deginum var maður að takast á við fyrstu unglingsbólnar, fyrstu ástarsorgina eða skotið, rosa heimþrá, lús og svo bara almennan kýting. Síðan þarf að takast á við menningarárekstra í daglega lífinu. Síðast voru t.d. stelpur í búðunum mínum sem meikuðu ekki að skandinavísku stelpurnar skiptu um föt fyrir framan þær og það þurfti að taka á því með polinmæði og af tillitssemi.“

Mælirðu með því að foreldrar sendi börn sín út með CISV - og ef svo er - af hverju?

„Ég mæli hiklaust með því – og það gera foreldrar mínir líka. Systir mín fór í búðir til Egyptalands þegar hún var tólf ára og í unglingsbúðir til Argentínu fjórtán ára ... og er á leiðinni til Kólumbíu í „seminar“ í ár. Þetta er þroskandi lífsreynsla og eins og ferðalag í kringum hnöttinn. Öll menningin sem maður kynnist og þroskinn sem maður öðlast við að búa í stutta stund í svona margþættu menningarsamfélagi er dásamlegur. Þegar

ég horfi til baka eru fjölskylduhelgarnar mikilvægur hluti af ferðalaginu. Það er frábært að fá tækifæri til að kynnst menningu landsins sem maður heimsækir í gegnum fjölskyldulífið. Eftir alla þessa CISV-reynslu á ég um það bil 250 vini víðsvegar um heiminn og það er ómetanlegt. Svo er þetta svo ótrúlega gaman!“

Hvað skiptir mestu máli við undirbúning slíkra ferða?

„Að kynnst ferðafélögunum eins vel og hægt er, því að hópmeðlimir þurfa að treysta hver öðrum. Svo þarf að byrja á því að opna hugann og undirbúa sig fyrir rosalegt ævintýri. Og muna að fara í sprautur!“ segir Margrét Erla að lokum.

Mini-Camp

Ég og 2 vinir mínir fórum síðast liðið haust á Mini-Camp. Við sáum þetta auglýst okkur leist ágætlega á þetta .

Þetta var frekar gaman, við sváfum á dýnum og fórum OFT í leiki. Leikirnir voru frá mörgum löndum. Suma kannaðist ég við en sumir voru algjörlega nýir fyrir mig. Við borðuðum þrisvar á dag. Maturinn var stundum góður en stundum var hann ekki eins spennandi. Við vorum ansi mörg á þessu Mini-Camp bæði stelpur og strákar. Allir hinir krakkarnir á svipuðum aldri og við svona rúmlega 11-13 ára.

Ég hafði farið til Mexíkó í svona búðir en vinir mínir höfðu aldrei kynnst svona og þeir voru jafnvel ánægðari en ég með þessa helgi. Stjórnin var mjög skemmtileg og ég mæli með þessu fyrir alla unglinga (11-13 ára).

Þetta var mjög skemmtilegt og allir fóru glaðir heim.

Baldur Logi 12 ára

Frásögn úr sumarþúðum

Sumarið 2009 fór ég út til Finnlands. Það var frábært en til þess að ferðin heppnist vel þarf að undirbúa sig vel, hópurinn og farastjórinn þurfa að hittast reglulega. Ég mæli með einu sinni í mánuði eða oftast annars verður lítið samband á milli krakkanna og í byrjun er gott að þekkja einhvern. Síðan þarf að útbúa og ákveða allt í kringum þjóðarkvöldið og hvað á að



gefa fjölskyldunum sem krakkarnir gista hjá yfir helgi en það er hefð að krakkarnir gefi fjölskyldunni gjöf sem er íslensk. Við Sólveig sem fór með mér til fyrstu fjölskyldunnar gáfum þeim servíettuhringi úr fiskiroði, voða íslenskt. Síðan þarf að

kaupa CISV boli og dót til að skipta og gera bækling. Það var rosalega gaman hjá fjölskyldunum sem ég var hjá en við þurftum að gista eina nótt eftir búðirnar svo við vorum hjá þremur fjölskyldum í ferðinni. Ég myndi fá heimilisfangið hjá fjölskyldunum og símanúmer því það er aldrei að vita hvort þú ferð þangað aftur. Síðan er MJÖG mikilvægt að taka dagbók með og vera duglegur að skrifa í hana, ég brosi alltaf þegar ég les dagbókina mína. Eftir ferðina er ekki allt búið! Ef þú átt ekki aðgang að fésbókinni er mjög mikilvægt að gera einn! Því flestir munu fá sér ef þeir eiga ekki nú þegar. Nú eru krakkar enn að adda mér af því að þeir voru bara að fá sér þannig að það gera ekki allir strax. Það er frábært að halda sambandi við krakkana og JC sem voru í búðunum með mér ☺

Björk Haraldsdóttir